

Tilmæli 27/2017

Fyrri skjalsnúmer	B 315/hállbart
Afgreiðsla	Norræna sjálfbærnefndin
Fylgiskjal	B 315/hállbart: Nefndarálit um ráðherranefndartillögu um nýja áætlun um framkvæmd Dagskrár 2030

Dagskrá 2030

Með vísan til 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 2. nóvember 2016 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu sjálfbærnefndarinnar.

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hvetja allar þær norrænu stofnanir sem eiga samstarf við atvinnulífið, eins og til dæmis Norrænar orkurannsóknir (NEF), Norrænu nýsköpunarmiðstöðina, Norræna umhverfisfjármögnunarfélagið (NEFCO) og NordForsk, til að skoða hvort og þá hvernig þær geti stutt við framfylgd sjálfbærnimarkmiðanna þegar þær skipuleggja starf sitt í framtíðinni;

að kanna hvort sænska verkefnið „The Swedish Leadership for Sustainable Development (SLSD)“ og verkefni Þróunaráætlunar SP „SDG – Accelerator“ feli í sér möguleika sem norræn verkefni eða verkefni styrkt af norrænu fjármagni;

að koma á fót vettvangi í samstarfi við Norðurlandaráð þar sem stjórnámálamenn og fræðimenn geta fram til ársins 2030 átt reglubundnar samræður um lausnir, sem stuðla að framfylgd sjálfbærnimarkmiðanna og sem byggja á rannsóknum og þekkingu frá öllum Norðurlöndunum;

að halda fast við þau markmið sem koma fram í áætluninni „Gott líf á sjálfbærum Norðurlöndum“ og að við þau verði bætt þeim sjálfbærnimarkmiðum SP sem Norðurlöndin geta náð samstöðu um sem sameiginleg norræn markmið;

að skoða gildandi norræna vísa um sjálfbæra þróun, og þar sem ekki liggja fyrir nothæfir vísar að fela hagstofum á Norðurlöndum að safna saman og vinna úr þeim staðtölum sem þarf til að fylgjast með þróuninni í átt að sameiginlegum norrænum markmiðum;

að reglulega fari fram mat á breytingum og ójöfnuði í lífskjörum barna á Norðurlöndum;

að kanna forsendur þess að koma á þríhliða viðræðum á Norðurlöndum;



að efla þekkingu um sjálfbærnimarkmiðin og skilning á mikilvægi markmiðanna meðal íbúa Norðurlanda með verkefnum í samstarfi við norræn almannasamtök eins og félag Sameinuðu þjóðanna og Norræna félagið;

að lagfæra og framkvæma ráðherranefndartillögu B 315/hállbart, 2030-kynslóðin – norræn áætlun um framkvæmd Dagskrár 2030, og hafa hliðsjón af sjónarmiðum Norðurlandaráðs við lagfæringar og þróun tiltekinna aðgerða.

Kaupmannahöfn, 6. nóvember 2017

Britt Lundberg

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs